




Evrópska efnahagssvæðið

Vannýtt tækifæri og hagsmunir launafólks



Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ
13. mars 2019



Norræna samfélagsmódelið

- Norðurlöndin eru lítil opin samfélög og hagkerfi sem byggt hafa á miklum alþjóðlegum samskiptum og viðskiptum
- Samfélagsgerð sem leggur áherslu á samráð – og á velferð og réttindi á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt
- Kallar á sveigjanleika og aðlögunarhæfni til að takast á við breyttar aðstæður
- Norðurlöndunum hefur tekist vel á margan hátt að mæta breytingum og laga sig að þeim
 - Inn á við varðandi samfélagsgerðina og atvinnulífið
 - Út á við gagnvart áskorunum alþjóðavæðingar og tæknibreytinga

Ísland og Evrópska efnahagssvæðið



- Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mikilvægur fyrir íslenskt atvinnulíf, launafólk og samfélagði allt
 - Sameiginlegi markaðurinn með vörur, fjárfestingar, þjónustu og atvinnu
 - Samstarf um félags- og vinnumarkaðsmál
 - Samstarf um menntun, vísindi og rannsóknir
 - Samstarf á sviði umhverfismála
- Fjölpjóðlegt samstarf sem hvílir á skýrum og sanngjörnum reglur er sérlega mikilvægt smáríkjum

Hvernig getum við haft áhrif?



- **Forgangsráða** – í hvaða málum viljum við hafa áhrif?
- **Undirbúa sig vel** – Rökstyðja – Leita bandamanna
- Meginreglan: „Því fyrr – því betra“!!
- Samræmd **aðgerðaáætlun** þeirra aðila sem málið varðar
- Reglubundið **samráð og samstarf**
- Skipuleg nálgun – **Nýtum allar mögulegar leiðir**
- **Endurmat** – nýjar áherslur
- **Samstarf Norðurlandanna mikilvægt**
 - Sameiginleg sýn – sameiginlegir hagsmunir

Hvar getum við haft áhrif?



- Hagsmunagæsla stjórnvalda
 - Samskipti við ríkisstjórnir aðildarríkjanna og stofnanir ESB
 - Samskipti sendiráðs við stjórnvöld og stofnanir ESB og EFTA
- Hagsmunagæsla EFTA
 - Samstarf við önnur EFTA – EES ríki (og Sviss)
 - Aðkoma á stefnumótun á vettvangi ESB með þátttöku í starfi sérfræðingahópa og nefnda á vegum ESB og með umsögnum (EEA-EFTA comments)
- Alþingi
 - Tengsl við Evrópuþingið
- Aðila vinnumarkaðarins
 - Aðild að hagsmunasamtökum á Evrópuvísu
 - Tengsl við Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu

Evrópsk stoð félagslegra réttinda

(European Pillar of Social Rights)



Tillagan: Upphaflega sett fram haustið 2015.

Markmið: Styrkja félagslegar stoðir Evrópusamvinnunnar og réttindi þegnanna, bæði á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt.

Ferill málsins: Samþykkt sem stefna Evrópusambandsins í Gautaborg í nóvember 2017

Staðan: Stefnan er grundvöllur og rammi utan um lagasetningu og aðgerðir Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála: Stefnt að aðgerðum í 20 liðum sem varða aukin réttindi launafólks og almennings. Þrjú yfirflokkar:

- Jafnir möguleikar og aðgangur að vinnumarkaðinum.
- Réttlátar vinnuaðstæður og starfskilyrði.
- Félagsleg velferð og þátttaka.

Áhrif á Íslandi: Tilskipanir og reglugerðir á grundvelli stefnunnar munu hafa bein réttaráhrif hér á landi.

Vannýtt tækifæri og hagsmunir launafólks



- Hafa íslensk stjórnvöld sýnt áhuga á „félagslegu stoðinni“?
- Hafa íslensk stjórnvöld beitt sér einhverjum hætti við mótun eða útfærslu „félagslegu stoðarinnar“
- Engin umræða hefur farið fram um hvernig „félagslega stoðin“ getur gagnast hér á landi
- Er „félagslega stoðin“ eitthvert forgangsmál?
 - Félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði tengjast beint og óbeint sameiginlegum vinnumarkaði EES og aðgerðum sem „félagslega stoðin“ beinist að



Aðvörunarljós blikka - Evrópa á krossgötum?

- „Pólitískar“ aðstæður í Evrópu launafólki óhagstæðar
 - Aukin áhrif/völd stjórn málaafna lengst til hægri
 - Samtök atvinnurekenda nýta sér aðstæður/hafna úrbótum
- Launafólk í Evrópu gerir kröfur um bætt kjör og réttindi
 - Vaxandi óánægja sem beinist í margar áttir
 - Aukin stuðningur við „populískar“ stjórn málahreyfingar
- Stofnanir Evrópusambandsins hafa reynt að bregðast við með því að auka áherslu á félagslegar úrbætur á Evrópuvísu
 - Í ágreiningi við mörg aðildarríki og samtök atvinnurekenda
 - Niðurstaðan oft „útpynnt“ en getur gefið tækifæri til úrbóta
- Vaxandi andstaða við Evrópusamvinnuna víða í álfunni